

1 Afstöðumynd
Mkv. 1:500

2 Skráningartafla fyrir Miðvang 143: Samantekt
Unnin af Stefáni Ragnari Hjálmarssyni

Skráningartafla: Miðvangur 143						**Skrásetjari:** Stefán Ragnar Hjálmarsson												
Landnúmer: L121926						**Kennitala:** 090557-2369												
Matshlutanúmer: 01				Úgáfa: 4.016		**Dags.:** 10.12.2018												
Uppskipting og lýsing					**Stærðir**													
D0 Lóðar	D1 Fjölm hæðarlóð	D2 Notkun hæða	D3 Íbúða-fjöldum	D4 Eignar-hluti	D5 Matshluti m²	D6M Matsstig m²	D6 Stigar m²	D7 Op m²	D8 Svalir/svalir sk.v.1.6	D9 Sérafnot svæði	D10a Sérafnot min	D10b Sérafnot max	D11 Grafin rúmmál m³	D12 Hæð m²	D16 Brúttórúmmál m³	Hlutdeild sameignarsvæði	D17 Skráð fermetrafj. m²	
		Matshluti			305,1	0,0	4,9	4,9	214,2	0,0			684,8	187,4	214,2		536,150	
		Botn											23,5					
	01	**1. hæð**			117,4	0,0	4,9	0,0	117,4	0,0			319,0	103,6	117,4			
A	0101	**Íbúð**	N	0101	79,0		4,9		79,0		2,70	2,70	208,4	69,4	79,0	2,70	184,680	
A	0102	**Bílageymsla**	B	0101	38,4				38,4		2,95	2,85	110,6	35,2	38,4	2,85	100,320	
B	0103	**Svalir**	S	0101	14,6				14,6							1,00	14,600	
	02	**2. hæð**			187,7	0,0	0,0	4,9	96,8	0,0			342,3	83,8	96,8			
A	0201	**Íbúð**	N	0101	101,7			4,9	96,8		2,75	2,75	287,7	83,8	96,8	2,75	230,450	
A	0202	**Þakrými**	V	0101	86,0						0,00	1,27	54,6					
B	0203	**Svalir**	S	0101	6,1				6,1							1,00	6,100	
Athugasemdir																		
Sameignir sumra																		
Eignarhald																		
	Eignar-hluti	Notkun hæða	Eignarhlutar m²	Skiptarými á sameign	Skiptarými á sameign og sameigin m²													
	0101	**Íbúð**	214,2	536,150	536,150													
		Alls	214,2	536,150	536,150													

1908623 - 27/8/19

Samþykkt þann
04. sep. 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Staðgreinir: 1400-1-61901350
Landnúmer: L121926
Fastanúmer: 2078153

Heildarstærð brúttó í m2 / m3: 214.2 m2 / 684.8 m3
Lóð (hlutdeild eignar): 434,0 m2
Nýtingarhlutfall: 0,494

Upphaflegur hönnuður húss: Kjartan Sveinsson

ÖLL MÁL SKULU STAÐFEST MEÐ UPPMÆLINGU Á BYGGINGARSTAÐ

3 Byggingarlýsing

MIÐVANGUR 143 HAFNARFIRÐI
Landnúmer: L121926
Staðgreinir: 1400-1-61901350
Fastanúmer: 2078153

Lóð (hlutdeild eignar): 434,0 m2
Brúttóflötur var: 187,2 m2, verður: 214,2 m2, stækkun 27,0 m2
Brúttórúmmál verður: 684,8 m3
Nýtingarhlutfall verður: 0,494

ERINDISLÝSING:
Eigendur eignarinnar Miðvangur 143 óska eftir því að fylgja fordæmi margra eigenda í raðhúsalengjunni og hverfinu og byggja ofan á bílgeymslu sína 29,3 m2 viðbyggingu. Eignin er íbúðarhús á tveimur hæðum sem er hluti raðhúsalengju, teiknuð af Kjartani Sveinssyni. Byggingarár er 1972.

ALMENNT
Uppdrátturinn er byggður á eldri teikningum Kjartans Sveinssonar frá 26. janúar 1972 og á uppmælingum á staðnum.

Einnig eru færðar inn þær breytingar sem fyrri eigendur hafa gert í tímans rás. T.d. hefur stiganum verið snúið og veggur fjarlægður, en stálsúlu bætt við. Arni hefur verið bætt við og tengdur skorsteini hússins. Afstúkað búr og þvottaherbergi inn af eldhúsi hefur verið opnað upp til að stækka eldhúsið. Einnig hafa verið gerðar breytingar á bílgeymslu.

BURÐARVIRKI, EINANGRUN OG VEÐURKÁPA
Raðhúsalengjan er staðsteypt. Miðvangur 143 er klæddur með Steni-plötum. Einangrað er að innan með 100 mm plasteinangrun og frágengið með múr. Útveggir, gólf og berandi innveggir eru úr staðsteyptir járnbentri steinsteypu, 180-200 mm að þykkt.

Viðbyggingin verður uppbyggð úr timburgrind með einangrun milli stoða. Burðargrind stendur ofan á steyptu handriði bílskúrs götumegin og ofan á steyptri plötu garðmegin. Stálvinklar eru festir á steypta útveggi og bera þaksperrur. Einangrað er með 225 mm steinull. Allir nýir byggingarhlutar sem framleiddir eru í verksmiðju skulu bera vottun skv. gr. 1.12. Í byggingarreglugerð.

Mót götu og garði hefur viðbyggingin ásýnd garðskála sbr. teikningu upphaflegs hönnuðar og er klætt með glerkerfi sem hefur ýmist lokaða fleti eða opnanleg fög. Svalir eru klæddar að innan með sléttum álplötum í ljósum lit, s.s. RAL 1013. Þak viðbyggingarinnar er klætt að ofan með dökkmáluðu bárujárni og þakkanturinn að framan er klæddur með sléttu áli í dökkum lit svo sem RAL 7022.

EINANGRUNARGILDI BYGGINGARHLUTA (W/M2/K):

Gólf og sökklar, 75mm plasteinangrun og 50mm á sökkli:	0,3 W/m2/k
Steyptur útveggur, 125mm plasteinangrun:	0,4 W/m2/k
Timburveggur, 125mm steinullareinangrun:	0,4 W/m2/k
Þak, 225 mm steinullareinangrun:	0,2 W/m2/k
Gluggar og hurðir, K-gler:	1,4 W/m2/k
Leiðnitap á fermetra gólfs upphitaðra rýma á °C:	0,66 M/m2°C

ÞAK
Þak efri hæðar upphaflegs hluta hússins er hefðbundið uppstólað 10° sperruþak klætt með borðaklæðningu, þakpappa og bárujárni. Þakið er hæst norðvestan megin og hallar niður til suðausturs. Einangrað er ofan á steypta loftplötu yfir efri hæðinni ofan á rakavarnarlag. Þak bílskúrs er flatt þak með vatnshalla, ábræddum þakpappa og steinlögn og einangrað að neðan. Steinlögnin verður fjarlægð í byggingu viðbyggingarinnar. Steypt skyggni götumegin hefur verið klætt af með bárujárni með vatnshalla og klætt með viðarklæðningu að framan.

Þak nýrrar viðbyggingarinnar verður sperruþak með 13° halla, einangrað milli sperra með 225 mm steinullareinangrun. Undir sperrur kemur rakasperra og raflagnagrind sem klætt er af með loftaklæðningu. Ofan á sperrur kemur uppstóluð borðaklæðning, tvöfalt lag af þakpappa og uppstóluð þakbára. Þakið er loftað með túðum að ofan og neðan. Skotrenna verður milli þaks viðbyggingar og eignarinnar Miðvangs 145. Vatn úr skotrennum er leitt í þakrennur sem liggja utan á húsi milli Miðvangs 143 og 145.

SVALIR
Fyrir breytingu nýttist þak bílskúrs sem svalir og gengið út á þær milli stigans og baðherbergisins á efri hæð. Þegar viðbygging bætist við koma svalir sem vísa í suðlægja átt, þ.e. út í garð og nýtast sem fiótataleið. Úr stofu er gengt beint út á pall undir skyggni og út í garð/sérafnotaflöt.

Kantur verður steyptur undir vegg við svalir og vatnshalli myndaður með flíza. Þar ofan á er bræddur pappi og gengið frá með timburgólfeiningum.

GLUGGAR, GLER OG HURÐIR
Nýir gluggar eru ál-timbur gluggar með tvöföldu einangrunargleri, K-gleri. Þakgluggi er yfir miðri viðbyggingunni. U-gildi eru ekki minna en 2,0 W/m2/k. Gluggalistar eru dökkir að lit, RAL 7022.

KLÆÐNINGAR INNANHÚSS
Í eldri hluta hússins eru léttir veggir eru hlaðnir, múraðir og málaðir. Loft í eldri hluta byggingar eru sandspörtluð og máluð. Gólf eru parketlögð, nema baðherbergi og forstofa eru flísalögð.

Léttir veggir innanhúss í viðbyggingunni eru úr tvöföldu gipsi á blikk- eða timburgrind. Í þvottahúsi er rakagips og á gólfi flísar eða vínyl dúkur. Gólf í viðbygginunni er listað upp og frágengið til að það sé í sömu hæð og frágengið gólf á efri hæð upphaflega hússins.

Allar nýjar loft- og útveggjaklæðningar innanhúss verða a.m.k. í brunaflokki 2.

LOFTRÆSTING
Húsið er að náttúrulega loftræst með gluggum og hurðum. Engin rými teljast sem lokuð rými, nema óþétt þakrými.

BRUNAVARNIR OG BRUNAHÓLFUN
Bílgeymsla er aðskilin frá íbúðarhluta húss með EI-90 steyptum 200mm veggjum. Íbúðarhluti telst eitt brunahólf og bílgeymsla sem annað brunahólf. Reykskynjarar eru á hverri hæð og í bílgeymslu.

Slökkvitæki og eldvarnarteppi skulu sett upp. Allar nýjar klæðningar skulu vera a.m.k. í flokki 2.

VATNSLAGNIR OG HITI
Inntök eru í norðurhluta bílskúrs á jarðhæð, sjá grunnmynd. Þar eru mælistöðvar og stofnkranar staðsettir. Í húsinu er hefðbundið ofnhitakerfi.

HANDRIÐ
Nýtt svalahandrið er úr galvanseruðu flatstáli og fest á innan verðan veggstubb sem fyrir er á bílgeymslu (þ.e. ofan á handrið bílgeymsluþaks eins og það er fyrir breytingu). Lágmarkshæð handriðs mælt frá frágengnu gólfi upp í efri brún er 110 cm.

LÓÐ
Götumegin við hús, norðan megin, eru tvö bílastæði með steyptu yfirborði. Lágur gróður og gerði er í afgirtum reitum götumegin við hús. Þar er sorptunnustæði fyrir almennt og flokkað sorp. Garðurinn er sunnan megin við hús og er hann grasi vaxinn og umkringdur með hekki annars vegar og hinsvegar með grindverki milli sérafnotaflata. Garðmegin við bílgeymslu er yfirbyggður pallur þar sem aðstaða er fyrir grill og útihúsgögn. Enginn landhalli er á lóðinni.

SORP
Sorptunnur hússins eru undir skyggni við bílastæði norðan megin við húsið fyrir almennt og flokkað sorp.

MIÐVANGUR 143

Staðsetning:	Miðvangur 143 220, Hafnarfirði
Tengiliður hönnuða:	Katla Maríudóttir katla@tvihorf.is - 6634596

AÐALUPPDRÁTTUR

Teikning:	Afstöðumynd, byggingarlýsing og skráningartafla		
Mkv.:	1:500		
Verknr.:	1801	Teikning nr.:	A1-01
Teiknað:	KM	Yfirfarið:	HSH

ÚTGEFIÐ	09.01.2019
Breyting A	27.08.2019

TVÍHORF arkitektar
Brúarvogi 1-3
104 Reykjavík
tvihorf@tvihorf.is
www.tvihorf.is
kt.: 691209-1480

Gunnar Sigurðsson arkitekt FAÍ Kt.: 080877-4719
Hólmi Steinar Helgason arkitekt FAÍ Kt.: 030482-3449

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI, AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR.